

# BÓKUN

Samkvæmt 20.gr. laga 119/2012 falla lög nr. 6/1996 um Siglingastofnun úr gildi 1. júlí 2013. Siglingaráð sem skipað er samkvæmt lögum um Siglingastofnun mun því láta af störfum samhliða því að lögin falla úr gildi.

Siglingaráð hefur haft það hlutverk að vera ráðgefandi aðili fyrir ráðherra og forstjóra Siglingastofnunar.

Í 7.gr. laga um Siglingastofnun nr. 6/1996 segir m.a. eftirfarandi um hlutverk siglingaráðs:

*„Siglingaráð skal vera ráðgefandi aðili fyrir ráðherra og forstjóra Siglingastofnunar Íslands í siglinga- og vitamálum. Siglingaráð skal fjalla um breytingar á lögum og reglum er varða siglinga- og vitamál. Siglingaráð skal fjalla um öryggismál skipa og sjófarenda, svo og meiri háttar endurbætur og breytingar vitakerfisins.“*

Ekki verður séð að með því að fella úr gildi lög um Siglingastofnun dragi úr mikilvægi siglingamála og þess hlutverks sem siglingaráð hefur haft með höndu. Það er því álit siglingaráðs að áfram skuli vera sérstakt fagráð um siglingamál með sambærilegt hlutverk og siglingaráð hefur haft.

Siglingaráð beinir því til ráðherra að nýta heimild í 3.gr. laga nr. 119/2012 og 3.gr. laga nr. 120/2012 til að setja sem fyrst á stofn sérstakt fagráð sem verði vettvangur samráðs og upplýsinga um þau mál sem siglingaráð hefur lengi haft með höndum.